

10. fundur í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands

haldinn í landbúnaðarráðuneytinu mánudaginn 27. júní kl. 13:30. Fundinn sátu eftirtaldir háskólaráðsfulltrúar: Ari Teitsson, Haraldur Benediktsson, Hákon Sigurgrímsson, Stefán Kalmansson, Jón Torfi Jónasson, Jón Örvar Jónsson, Brynhildur Einarsdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor og Torfi Jóhannesson varamaður Emmu Eyþórsdóttur. Undir dagskrárlíð 1. sátu einnig fundinn Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, Guðmundur B. Helgason ráðuneytisstjóri, Eysteinn Jónsson aðstoðarmaður ráðherra og Ingimar Jóhannsson skrifstofustjóri. Þorvaldur T. Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fjármál Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ráðherra setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lagt var fram minnisblað um fjárhagsstöðu Landbúnaðarháskólans. Þar kom m.a. fram að búið er að gera tillögur til fjárlaganefndar um aukafjárveitingar vegna hluta þeirra skulda sem Lbhí yfirtekur frá fyrri stofnunum, 57,1 mkr. og vegna sameiningarkostnaðar 44,6 mkr. Eftir er að ákveða hvernig fjármagna eigi afganginn af yfirteknum skuldum að fjárhæð kr. 48,2 mkr. og auka fjárheimildir til almenns rekstrar um þær 40 – 50 millj sem vantar til að hægt sé að halda óbreyttri starfsemi. Ráðherra sagði það eindreginn vilja innan ráðuneytisins og hjá formanni og varaformanni fjárlaganefndar að fjárveiting verði lögð fram til að greiða skuldir eldri stofnana. Lofaði hann að starfsmenn ráðuneytisins myndu í samvinnu við stjórnendur Landbúnaðarháskólans leggja fram tillögur um lausn málsins. Þá fór að frumkvæði ráðherrans fram umræða um ný verkefnavið hjá LbhÍ. Ágúst gerði grein fyrir hugmyndum um fagsvið sem nauðsynlegt væri að efla innan skólans og nefndi sérstaklega tvö fræðasvið þ.e. sameindaerfðafræði annars vegar og hins vegar það svið er lyti að hagfræði og stefnumótun, skilgreiningu á landbúnaðarhugtakinu og viðfangsefnum landbúnaðarins sem atvinnugreinar í alþjóðlegu umhverfi. Ráðuneytisstjóri lýsti yfir sérstökum stuðningi við þetta mál og ráðherra lagði til að aðstoðarmaður hans færi í vinnu með Landbúnaðarháskólanum til að útfæra þessi atriði. Jón Torfi spurðist fyrir um hvernig vinna ætti að því að fá víðari útgjaldaramma í samræmi við núverandi rekstur. Ráðherra og ráðuneytisstjóri svöruðu því til að ráðuneytið vildi sjá skýrari línur varðandi stefnu stofnunarinnar, t.d. hvernig nálgast ætti nýtt viðfangsefni á sviði hagfræði og með hliðsjón af því yrðu síðan gerðar áætlanir um fjárveitingar til stofnunarinnar til lengri tíma.

2. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt að teknu tilliti til athugasemda.

3. Innritunargjöld. Lögð var fram tillaga um að innritunargjöld í háskóladeildir fyrir skólaárið 2005 – 2006 verði kr. 45.000,- sem er sama upphæð og innheimt er í öðrum háskólum ríkisins. Innritunargjöld í starfsmenntadeild verði kr. 27.000,- Talsverðar umræður fóru fram um forsendur innheimtunnar og þær reglur sem um hana gilda. Brynhildur lagði til að farið yrði yfir reglur sem að þessu snúa á næsta fundi háskólaráðs. Jón Torfi tók fram að nauðsynlegt væri að fara yfir allar reglur hinnar nýju stofnunar. Tillagan var að lokum samþykkt með sex (6) atkvæðum gegn einu (1). Þá var ákveðið að pappírsgjald yrði innheimt sem raunkostnaður þjónustu við hvern nemanda en ekki sem föst upphæð.

Jón Örvar tók fram að við afgreiðslu málsins hefðu starfsreglur Landbúnaðarháskóla Íslands verið brotnar og harmaði niðurstöðuna. Jafnframt að óeðlilegt væri að gjalddagi innritunargjalda væri 5. júlí þar sem að í starfsreglum væri gjalddagi 1. ágúst.

4. Önnur mál.

Jón Torfi lagði áherslu á að strax yrði unnið í þeim málum sem um ræðir í 1. lið.

Haraldur Benediktsson ræddi um stefnumótunarvinnu LbhÍ í samstarfi við Bændasamtökin og ráðuneyti og að leggja ætti áherslu á hagfræðina á næsta fræðþingi.

Stefán velti því upp hvort ekki væri rétt að frá stjórnendum stofnunarinnar kæmu hugmyndir um stefnumótun, og framtíð einstakra rekstrareininga. Jón Torfi tók undir þetta og sagði háskólaráð ekki faglega búið til að fást við stefnumótun stofnunarinnar, meginþungi vinnunar þyrfti að vinna í yfirstjórn.

Rektor lagði fram skýrslu sem óskað var eftir á síðasta fundi og var unnin á árinu 2003 um framtíð Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Unnið er að því að gera slíkar skýrslur og annað útgefið efni aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45